



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 24. apríl 2022
FAS22020027

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Samkeppnisútböð nr. 15331 - Ferjusiglingar og veitingarekstur í Viðey.

Þann 21. febrúar 2022 auglýsti menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur eftir tilboðum frá áhugasömum aðilum til að sinna ferjusiglingum og veitingarekstri í Viðey. Um er að ræða útböð á sérleyfi í skilningi laga um opinber innkaup nr. 120/2016 og sérleyfisreglugerð nr. 950/2017. Borgarsögusafn sem kaupandi taldi virði samningsins vera undir viðmiðunarfjárhæðum sérleyfissamninga en nýtti sér jafnframt frelsi til að auglýsa ferlið opinberlega þrátt fyrir að vera undir útböðsskyldu.

Tvö tilboð, annarsvegar frá Special Tours ehf. og hinsvegar frá Eldingu Hvalaskoðun Reykjavík ehf. bárust á auglýstum tilboðsfresti sem rann út þann 23. mars 2022 kl.13:00.

Í samræmi við áætlaðan feril samkeppnisútböðsins samkvæmt kafla 0.1.4. útböðsgagna nr. 15331 bauð kaupandi hæfum bjóðendum að leggja fram endurbætt tilboð í kjölfar samningsviðræðna en frestur til að skila endurbættu tilboði var gefinn til 12. apríl kl.14:00.

Borgarsögusafn fyrir hönd menningar- og ferðamálasviðs hefur kannað tæknilegt og faglegt hæfi bjóðenda og staðfestir að Elding Hvalaskoðun Reykjavík ehf. stenst hæfiskröfur útböðsgagna ásamt því að tilboð Eldingar uppfyllir allar þær kröfur sem gerðar voru. Að sama skapi hefur innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar framkvæmt fjárhagsskoðun í samræmi við kröfur útböðsgagna og staðfestir að Elding Hvalaskoðun Reykjavík ehf. uppfyllir þær fjárhagskröfur sem gerðar voru. Special Tours ehf. uppfyllti ekki kröfur um hæfi að mati menningar- og ferðamálasviðs og var um ógilt tilboð að ræða í samræmi við kafla 0.5 og 0.6 í útböðsgögnum.

Forsendur fyrir vali tilboðs samkvæmt kafla 0.8 útböðsgagna nr. 15331 eru að verðtilboð gildir 100% við mat tilboða. Lagt er til við innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að lágsta gilda tilboði sem barst, tilboði Eldingar Hvalaskoðun Reykjavík ehf, að fjárhæð 79.800.000 án vsk. en kostnaðaráætlun var 52.500.00 án vsk., sem tók mið af fyrri samningi án vísitöluhækkana. Raunkostnaður þess samnings, miðað við núverandi stöðu sem tæki til 5 ára, væri alls 62.214.480 kr. án vsk.

Virðingarfyllst,


Guðbrandur Benediktsson

Safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur